Halda ræðufund einu sinni á ári í hverju hverfi. Sýna smá lit til að vekja áhuga og hafa góðar upplýsingar á vefsíðum sem er auðvelt að skilja.

Halda þessu áfram eins og hefur verið, samráð er búið að vera fint undanfarið.

Hef ekkert spád í það.

Hef ekki neinar en verð að segja að eitt pirrar mig alveg rosalega. Það er lokunin á Bústaðavegi á morgnana og síðdegis. Lítil lýsing á göngustígum á veturna. Hryllilega lélegar götur.

Hef nú lítið til málanna að leggja.

Hef það ekki alveg á taktinum núna.

Held það sé ekki sniðugt að hafa umræður eins og staðan er í dag, það er svo mikil reiði, þetta fer allt út í dónaskap. Hef lífinn áhuga á borgarmálum. Þetta er ljót og sóðaleg borg. Þarf að endurvekja hrein borg, fögur borg!

Held það þýði ekki að vera með neinar ábendingar, held það sé ekkert farið eftir þeim. Hlæðilegt að borgarstjórn sé að flytja skrifstofu sína í eina viku upp í Breiðholt. Til hvers? Væri gaman að vita það. Vil bara að þessari borg sé haldið við. Reykjavík er orðin mjög sóðaleg borg.

Hingað til hafa samskipti við borgina verið erfið. Ókurteisi hjá borgaryfirvöldum.

Hlusta á ábendingar sem koma fram á opnum borgarafundum! Búin að fara á ótal fundi eins og grenndarkynningu þar sem ýmislegt kemur fram frá borgurum og ekkert hlustað á það sem fram kemur á fundum.

Hlusta á íbúa.

Hlusta betur á fólkið, það er besta ráðið.

Hlusta betur á íbúa og ekki elta sín áhugamál (borgarfulltrúar). Gleymist fyrir hverja þeir vinna.

Hlusta betur á íbúa um það að það snýst ekki allt um 101 Reykjavík, einhver gæluverkefni þar.

Hlusta meira.

Hugs ekkert um þetta lengur, aðallega göturnar.

Hvað varð um Faktory? Það þarf að koma eitthvað í staðinn sem kemur til móts við tónlistarmenn. Ég bý í þessu hverfi og nauðsynin á fleirri hótélum er lítil sem enginn. Faktory aftur, takk!

Hvenær hafa bogaryfirvöld samráð við íbúa? Hver og einn otlar sínum tola í flokkapólitík.

Hverfafundir borgarfulltrúa mega vera oftár, koma fulltrúar borgarstjórnar og ræða við fólk um hvað sé að gerast í hverfunum.

Hverfafundir og svo bara upplýsingaveita á netinu.

Hverfafundir væri sniðugt og að fólk sé með.

Hverfafundirnir eru ágætir og ágætt að fólk hafi aðgang að því að koma með einhverjar ábendingar.

Hverfisfundir og þess háttar bara.

Hverfisfundir eru ágætir.

Hverfisfundir góðir, upplýsa fólk betur á netinu.

Hverfisráð, á kjalarnesi, gengur mjög vel. Taka á móti okkur, fékk mikilvægar upplýsingar. Mjög fint.

Hvernig verkefnum er forgangsraðað.

Hvetur til þess að Borgarstjóri láti sjá sig meira í úthverfum borgarinnar. Hér var fundur um daginn með borgarstjóra sem var mjög gagnlegur, ekki sist fyrir borgarstjórnann. Það mætti vera meira um þetta.

Hvort er hægt að gera eitthvað svipað fyrir hvert hverfið eins og fjölmenningsþing (sem stærnir í 2 dagar í ráðhúsinu).

Í hverfinu mínu, við Rauðarárstíg, er að koma fjórða hótelið. geðveik umferð. vill að Rauðarárstígur verði einsteinhugata. Alveg rosaleg mengun. umhirða í hverfinu - skil borgarsjóð, skil að það þurfi fjárhagslegt aðhald en ég skil ekki að fólk skuli henda svona miklu rusli á götuna. vildi meiri þrif í borginni. t.d. gangstéttir þyrfi að laga, ekki sléttar, hættulegar fyrir eldri borgara og fólk með kerrur. margt hefur áunnist en síðusut ár hefur verið sparað og það er farið að láta á sjá.



Í öllum meiriháttar málum þarf að hafa mikið samráð.

Ítreka meira gegnsæi á vefsíðum, og að borgarþing geti kosið um meira á vefsíðunum, finnst það ansi sniðugt.

Ja, það eru í raun og veru engin samráð því þetta líta sem eru bara lygi og ómerkilegheit, ekkert að marka það. Það er bara svoleiðis. Og meira að segja samningar sem hafa verið gerðir eru bara sviknir.

Já ég vil fá vikisíðu, vefsíðan er úrhelt, þú átt að geta fundið hluti á síðunni á mun auðveldari hátt. Borgaryfirvöld eru líka að fá á sig slæmt orðspor, eru brjótla reglur um opinber innkaup, t.d. með alla prentara sem þeir kaupa og tölvubjónustu.

Já, að sýna mikilvægi þess að upphalda góðu íþróttastarfi, að borgin og íþróttafélög starfi meira saman og halda börnum og unglingum í íþróttastarfi.

Já, eiga að hlusta á íbúana. Ekki bara þegar þeim hentar. Eins og til dæmis með flugvöllinn. Það eru búnaðar vera kosningar. Ég man eftir þessum kosningum, 2001, ef ég man rétt var bara kosið á einum stað í bænum. Ég nenni ekki að þvælast þarna niðrefir. Hlusta allaf á íbúana ekki bara þegar heim hentar.

Já, ég er reyndar sjálfur að vinna að þessu verkefni, er að vinna hjá borginni, hef ákveðnar hugmyndar en get ekki sagt herna!

Já, hef hugmynd um það að gera þessa nýútkomnu skýrslu um ferðamenn í Reykjavík að gera það eftir hverfum en ekki almennt því ég bý í 101 og ef þú byrð í Breiðholti, þá mundum við bæði fagna ferðamönnum en ég vil ekki fá kúk og skít út um allt útaf því að almenningsklósetið eru ónýtt og maður kemst ekki heim til sín því það eru leigubílar út um allt þar sem maður á að leggja.

Já, finnst t.d. með betri hverfi, það var ómurlagt það sem átti að velja á milli. Ef það á á annað borð að hafa eitthvað um þetta að segja, hafa þá eitthvað annað í boði en blómápotta á horni. Sem skiptir engu máli. Hafa eitthvað sem almennilegt vægi er í, ekki bara einhvern málamyndagjörföring. Manni líður eins og það sé verið að henda í mann einhverju til að þagga niður í manni, sleikjó, hafa þá eitthvað meira vægi í þessu.

Já, það er í fyrsta lagi að leggja byggðasamlögin niður og fá valdið aftur til Reykjavíkur, þá er ég að tala um Sorpu og Strætó.

Kannski aðeins meira um íbúakosningar, annars bara allt fínt.

Kannski helst að bæta almenna umhirðu í borginni. Láta betur vita um framkvæmdir á gagnakerfi borgarinnar. Að setja meiri áherslu á það.

Kannski meiri upplýsingar og framgang mála.

Kannski nota rafrænt leiðir til að afa meira samskipti á milli íbúa og yfirvalda til dæmis með minar síður.

Kannski það eina sem ég myndi vilja bæta sem snýr að minni reynslu, samskipti varðandi þéttingu byggðar og byggingar, mín reynsla yfir höfuð er að það er oft mikil þortryggni og ákveðin togstreyla milli íbúa og verktaka sem vinna að þéttingu byggðar, ýmislegt sem hefur gerst sem ég mun hegða mér óðrúvisi í framtíðinni í samskiptum við borgaryfirvöld. Mættu gera betur í upplýsingaskýldu og tryggja það að ferlið sem snýr að óbreyttum borgurum, sem hafa ekki þekkingu á þessu sviði, að þeir hljóti einhverskonar verndum þar.

Kaust Sjálfstæðisflokkurinn bara vegna flugvöllurinn og mun kjósa þau aftur bara vegna flugvöllurinn.

Keypti lóð í nýjasta hverfi borgarinnar á þeim forsendum að allt skipulag og framkvæmdir væru í lagi og kláraðar. Ekkert hefur staðist. Búið að breyta skipulagi, þrátt fyrir að íbúar kaupir á forsendum ákveðins skipulags. Síðan eru fundir, samráðsfundir, þar sem ekkert er farið eftir þeim ábendingum eða óskum sem koma fram frá íbúum. Þá er bara betra að hætta þessu sýndarsamráði. Betri Reykjavík, verið að setja þar inn verkefni sem falla undir venjuleg gagnagerðargjöld. Þar ætti frekar að vera eitthvað sem væru ekki bara sjálfsgóðir hlutir út séð út frá gagnagerðargjöld. Verið að splæsa okkur saman við Grafarholt, hverfi sem er af allt annarri stærð og hefur allt aðar þarfir og óskir. Því verður atkvæðavægi okkar í Úlfarsárdal óeðlilega lítið í samhenginu. Íbúar hætta að hafa einhverjar væntingar.

Kjalnesingar hafa verið sniðgengnir eftir sameiningu, vil ljúka þessum samruna. Þjónusta mjög ábótavant, ruslahirðingur, snjóruðningi, borgarstjórn ætti að skammast sín fyrir að tröða öllum þessum verksmiðjum upp í Hvalfjörð, áður en langt um liður verður Kjalarnesið notað svona líka. Kjalarnesið mun alltaf verða sveit í borg.

Klára íþróttahúsið við Seljarhverfi.

Klára þau hverfi sem þeir eru byrjaðir á.

Koma heiðarlega fram og móta framtíðarstefnu, sérstaklega í byggðarmálum fyrir ungt fólk. Meiri fjölbreytni fyrir fólk til að byggja íbúðir.

Koma því á framfæri að þessar leiðir Betri Reykjavík og Betra hverfi er á margan hátt ekki að fúnkera. Ég bý í litlu hverfi sem er partur af stærra hverfi, allar okkar hugmyndir verða undir því við erum minnst partur af hverfi sem er skipt í þrennt. Svo bý ég í hverfi þar sem fullt af fólki sem býr ekki í hverfinu hefur skoðanir á því. Fullt af peningum búið að fara í fuglaskili, sem er gott, en við hefðum kannski heldur viljað öruggari leiðir fyrir börnin okkar. Svoleiðis verið að kasta brauðmolum til okkar, megum ráða í minni málum, en fáum ekki að hafa áhrif í stóru málum. Alvöru lýðræði er krafa!!

Koma því sem verið er að gera gott til skila, heilsíðu í blöðin til dæmis.

Kostur að fara meira úti á meðal fólks og upplýsa það um borgarstjórnarmál. Gott fyrir íbúa að hafa aðgang að öllu saman.

Kynna verkefnið betur. Hafa einn vettvang þar sem fólk getur komið spurningum á framfæri.

Laga bílastæðaplaníð í Neskirkju og Hagaborg við Melaskóla, mjög mikið af holum þar. Þegar farið er í framkvæmdir þarf að fylgja eftir þeim eftir sbr. moka hjólastiga ef þeir eru settir á götur eins og á Hofsvallagötu.

Leiðin frá mosfellsbæ og miðbæ er mjög teppt á háannatíma, þyrfti að fækka fískuhálsum t.d. við hlíðahverfi og minnka ljós.

Leikskóla- og skólamáli, meira samráð við foreldra um fyrirkomulag í leikskólum og skólum.

Leikskólar: Opnað á umræðu en samt búið að ákveða allt fyrirfram. Segir yfirvöld beita ákveðinni sýndarmennsku í þessum efnum.

Les vel blöð og finnst best að sjá á þeim vettvangi hvað er í gangi. Síður á vefmiðlum og slíku. Vil sjá fasta síðu í blöðunum um borgarmálefnið og heyra þar meira í borgarstjórnunum.

Leysa úr húsnæðismálum og gefa unga fólk séns á að búa og kaupa. En þéttlinga byggðar er mikið áhyggjuefni sem þarf að fá samþykkt frá íbúa borgarinnar.

Líkar vel við grunnstefnu píratu og vil að allt stjórnkerfið tæki það inn í sína stefnumótun: að almenningur tæki þátt í að taka ákvarðanir.

Litð spurð um gistiheimili, orðið ansi gott hvað varðar gistiheimili og breytingar á húsum því samfara, byggja svalir og engin spurður.

Losa sig við manninn sem er alltaf að loka öllum götum. Engum sem líkar vel við hann sem er ekki í 101. Vera að loka götum og koma fyrir hjólastigum. Ég myndi vilja fá að kjósa um fólk í næstu borgarkosningum.

Lögum holunar á götunum áður en þeir skemma alveg bílana. Á veturna væri gott ef fundin yrði lausn á snjómoksturskiplaginu við Langhóltsveg. Ég bý á horni Skeiðarvogar og Langhóltsvegur. S.Í. vetur mokaði snjómokstursbíllinn okkur oft en ekki inni með snjó sem hann hafði mokað af götunum inn á stæðin svo að bílarnir komust ekki með nokkru móti út. Þetta er bæði óréttlátt og óviðunandi. Það hlýtur að vera hægt að finna betri lausn við að moka snjóinn en þetta. Það má einnig skoða gatnamótin við Glæsibæ, s.s. þar sem Gnoðavogur og Álheimar mælast. Það er svo rosalega umferð þarna að það fer óeðlilega mikill tími að bíða á þessum gatnamótum. Þyrfi að setja þarna hringtorg eða beygjuljós. Löngu komin tími til :-)

Maður finnur ekki fyrir miklu eins og er. Bara að þingmaður hvers kjördæmis sjái um það.

Malbika í kring um Rauðavatn.

Malbika meira.

Má ræða meira við öryrkja og sjá hve lítið er gert fyrir þá, yfirvöld þurfa að kynna sér betur hvað það þýðir að vera öryrki.

Meira að labba úti í Reykjavík, spjalla við fólk og ekki vera feimið.

Meira eftirlit með yfirmönnum í stórfum Rvíkurborgar.

Meira samband við íbúana, láta sjá sig meira.

Meira samráð.

Meira samráð við íbúa í Grafarholti í samb. við sundlaug, byggja hraðar upp íþróttamannvirki í Grafarholti (gengur of hægt).

Meira samráð þarf varðandi endurvinnslu, útlit og þjónustu hverfanna. Borgaryfirvöld ættu að vera miklu sýnilegri, ekki bara fyrir kosningar. Hverfafundir eru alltof sjaldgæfir.

Meiri aðstoð við fólk með notkun félagsmálayfirvalda.

Meiri hverfafundi með borgarstjóra og borgarfulltrúum. Reglulega fundi auglýsta með fyrirvara.

Meiri umfjöllun um þessi verkefni. Þetta eru brílljant verkefni. Vantar ítarlegri umfjöllun um allt þetta. Fólk veit ósköp lítið um þennan vef.

Meiri upplýsingar frá borgaryfirvöldum.

Menn sem tala um jafnrétti og samráð og snúa sér svo 180° frá því, eiga ekkert erindi í ráðhúsið, nefni þar sameiningu skóla í Grafarvogi frá í fyrra. Ég hef ekki áhuga á að hafa þá á minni launaskrá. Svo held ég að borgarstjórn geri ekkert með þessa könnun, hún reynir bara að skreyta sig með henni.

Mér finnst að t.d. á tveggja mánaða fresti yrðu haldin fundir í hverfunum, þannig að íbúar gæti rætt um málefni og um það sem betur mætti fara. Í Viðidal mega ekki hjólreiðamenn, göngumenn og hestamenn saman, það er ofhættulegt því niðurinn frá ánni er of hávær. Það þarf að hafa hjólreiðamenn sér, þeir hjóla of hratt.

Mér finnst að það þurfi að efla grundvöll samráðsins sem er upplýsingagjöf en áhersla á samtál maður á mann og síðan atkvæðagreiðslur um 100 þús. kall á mann skipta engu máli.

Mér finnst að þegar það er samráð og birtur einhver listi og hann er settur þannig upp að það skiptir engu máli hvað er gert á honum, þá er það sýndarsamráð. Myndi frekar vilja hafa það þannig að maður gæti í alvöru haft áhrif. Ekki hrífn af þegar það er verið að henda peningum, eins og með hofsvallagötuna, svo er annað sem skiptir meira máli látið liggja ógert.

Mér finnst Betri Reykjavík og Betri hverfi vera skref í rétta átt þótt ég sé sjálfur ekki að fara inn á þessar síður.

Mér finnst illa skipulagt sprengingar við bríetartún, þetta er mjög illa skipulagt, þetta er eins og stríðsástand.

Mér finnst nauðsynlegt að það séu svona hverfafundir. Er ekkert mikið að pæla í þessu.

Mér finnst skipta mestu máli að halda við, t.d. eins og að laga holur í malbikinu en ekki að einhverjir furðufuglar eins og í vesturbænum ráði því hvort Hofsvallagatan sé ein stór hraðahindun. Var kosið um það á betri Reykjavík?

Mér finnst sniðugt það sem Dagur gerði, flutti skrifstofuna upp í Breiðholt og Árbæ að hann tæki hverfin og sé þar til viðræðna fyrir íbúa hverfanna.

Mér finnst það ágætt sem þeir voru með um hverfin, þ.e. Betri hverfi og Betri Reykjavík.

Mér finnst þetta gott verkefni þó maður hafi það á tilfinningunni að það sé bara þarna til að friðþægja okkur, að það sé ekki farið eftir því. Það má vera aðeins meira verkfæri en ekki bara skraut. Hins vegar er þetta ágætt verkefni að því leyti að það er einfalt fyrir fólk að koma þarna sínu á framfæri.

Mér finnst þetta oft vera svo pólitískt og hvaða flokkur er við völd. Mér finnst líka hverfin bera vott um stéttarskiptingu þ.e. að ef skoðað er Breiðholt og síðan önnur hverfi þá er mismunur þ.e. í Breiðholti búa margir innflytjendur og öryrkjar sem hafa lítið með þetta að segja og það er ekki gott. Eins er laugarvegurinn orðinn ansi dapurlegur lunda búðir á hverju horni og ekki aðrar búðir frekar subbulegt.

Mér hef reynt erfið að ná hvað hefur legið á í minni gölu. Hænsin ganga hérna inn og út, og börn að leika sér úti, og ýmislegt í gangi eins og hunangsbú og maður veit ekkert hvornig maður á að snúa sér.

Mér þykir afskaplega þarft að færa þjónustuna meira út í hverfin.

Mikið fokuserað á 101, ekki verið að hugsa um að fólk, fátíði, komist leiðar sinnar, ekki rutt, ekki gert við göngustíga o.s.frv. Gott og gilt verkefni sem verið er að spyrja um en ég held að þetta hafi ekkert upp á sig, þetta er gott fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt en ég held að það sé ekki fjármagn, og það sem er til er búið að eynamerkjia. Þannig að það er ekki ótakmarkað fé til að ráðstafa.

Mikilvægt að hafa gegnsæi, þar sem að það fólk sem hefur áhuga á að vita hvað er að gerast hafi aðgang að þeim upplýsingum. Og að fólk vili hvað skattpeningarnir fari í. Sniðugt að koma upp kerfi þar sem að fólk fengi ráða hvað um 20% af skattþeningunum þeirra færi í, fólk geti þá valið að setja pening í það sem að það þykir annat um. Svo myndi hin 80% fara í það sem að ríkið vildi.

Mikilvægt að íbúarnir fái að hafa puttana í þessu, en ekkert of mikið, en fái að spjalla við þá sem ráða.

Mikilvægt að spyrja borgaranna um raunveruleg mál og afstöðu þeirra til þeirra, t.d. flugvallarmálið. Spyrja fólk um þá hluti sem það vill geta ráðið einhverju um. Að stjórnmalamenn hætti að spyrja um hluti sem skipti þá ekki máli og að leyfa fólki að taka þátt í umræðum sem skipta máli og málefni þar sem borgarþing gætu verið ósammála stjórnmalamönnum. Og taka svo mark á niðurstöðunni. Að stjórnmalamenn sætti sig við að önnur sjónarmið en þeirra ráði. Það þarf að vera raunverulegur vilji fyrir íbúalyðræði.

Mikilvægt að strætú gangi allan Arnarbakkan, ekki bara hluta, mikilvægt að hann gangi allan hringinn sérstaklega fyrir fólk með veika fætur, oflangt oft að ganga á stoppistöðina. Bakkahverfið er annars mjög fint hverfi, mjög ánægður með það.

Mikilvægt að upplýsa ungt fólk. Ég skynja það að fólk á mínum aldri veit ekkert um borgarmálin. Það þarf að reyna að gera borgarmálin áhugaverðari fyrir ungt fólk.

Mikilvægt að vefirnir séu aðgengilegir.

Minnka bilið á milli kjósenda og íbúa.

Minnka fjæði túrista um miðbæinn. Standa við bakíð á menningu í miðbænum og að fólk sem starfar í kringum menningu eigi möguleika á að búa í miðbænum. Halda áfram að efla almenningssamgöngur. Viðhalda öllum mögulegum hverfishátíðum.

Mitt helsta mál er þetta, að borgarúvar og foreldrar vilji ekki alltaf hvað er í gangi inni á leikskólunum, til dæmis um hvar elstu börnin eru þegar verið er að taka in nýja hópa á leikskólann. Eru þau úti á skóla, eru þau í kirkju ... etc.

Mitt hverfi sniðugt.

Mjög ánægður með að þeir virðast sýnilegir í hverfunum. Þurfa að gera meira af því, þannig að þeir geti rætt við íbúa maður á mann, ekki gegnum eitthvað tölvunet.

Mjög gott ef skýrt upplýsingaflæði væri á heimasíðum um gatnamál í Reykjavík.

Myndi finnast sniðugt að það væri t.d. aðgengi að svörum, eða þannig, vettvangur til umræðu inni á netinu. En nei annars ekki.

Myndi vilja að í eldri blokkum, sem eru ekki með lyftum, að borgin kæmi verulega á móti íbúum, til að setja lyftur í þessi hús þar sem þess er óskað þannig að fólk geti búið lengur heima hjá sér, fyrirmyndir á Norðurlöndunum. Eldra fólk, mætti taka tillit til þeirra skattalega þannig að þau fái meiri fríðindi. Þó þau eigi eignir eru þau ekki að fá nein laun.

Myndi vilja bjóða þeim að labba um hverfið og skoða niðurniðsluna, í stað þess að eyða peningum í hjólréiðastiga og aðra eins vitleysi. Þeir eru ekki starfi sínu vaxnir. Dagur ætti að halda sig við lækninn og Hjálmar við heimspeki.

Myndi vilja sjá enn meiri þátttöku 'online'. Vil enn meira íbúalýðræði.

Myndi vilja sjá meira gert í hjóðvörnum í borginni.

Mætti bara hafa meira samráð, og spurja fólk meira, t.d. hafa skoðunarkannanir.

Mætti bara halda fleiri hverfisfundum.

Mætti dreifa ábyrgð ákv. aðila í skipulagsmálum og hafa íbúa með í ráðum og ábyrgð.

Mætti hafa samráð varðandi fjölgun ferðamanna miðbænum og á sundstöðum. List ekki á að ferðamenn sú hvatir til að sækja sundstaði borgarinnar. geta farið í Bláa lónið.

Mætti hlusta betur á íbúana, ekki bara hlusta og gera svo það sem þeim sýnist.

Mætti kynna málin betur fyrir íbúum.

Mætti kynna núverandi kerfi betur.

Mætti útfæra hugmyndina um færarlega skrifstofu borgarstjóra í öllum hverfum. Þar gæti hann hitt fólk, kæmist nær venjulegu fólk.

Mætti vera meiri aðgangur að borgarfulltrúum sem eiga að vera til staðar fyrir fólk, vera betri við gamla fólk. betri aðgangur að upplýs. um hvað þeir ætla að gera bæta gatnamálin.

Mættu gera betur við fáttaða og öryrkja.

Mættu hafa meira samráð, of fáir sem vita af þessum verkefnum.

Mættu koma meira inn í hverfin, koma oftar í hverfin á hverfafundum.

Mættu standa betur að þrífum og viðhaldi á götum og gangstéttum

Mættu taka meira mark á skoðun fólks þegar kemur að gatnamálum s.s. þrenging Grensásvegur

Mættu vera skýrari tengsl þar á milli.

Nauðsynlegt fyrir borgina að halda vel auglýsta og upplýsta fundum í hverfum eða kosningarálmum þar sem kjörnefndir sitja og annað slíkt (reykjavík - suður, austur, norður osvfr)

Nei ekki beinar hugmyndir, mér finnst að þegar borgarstjórnin heldur ræður að þá er svo mikil mikilmennska og þykist vita allt en svo veit hann ekkert sem snýr að fólkinu, auka þekkingu sem snýr að almúganum.

Nei nema ég bara vona innilega að Rvkborg geri eitthvað við stúkuna í Breiðholti, þá væri ég sáttur.

Nei, aukinn aðgangur að útgjöldum og fjárhagsupplýsingum.

Nei, bara að einfalda þetta kerfi með kosningarnar á betri Reykjavík eða betri hverfi. Þær eru of flóknar, það er ástæðan fyrir því að ég hef ekki tekið þátt. Einnig mætti vera fleiri spennandi kostir, ekki spurningin um það hvort það eigi að vera 2 eða 4 rólur á vellinum.

Nei, bara að halda þessu starfi áfram, eins og Betri Reykjavík, íbúalýðræði og svoleiðis. Er þó ekki nógu vel að mér í sveitarstjórnarmálum. Og hafa gagnsæja stjórnsýslu.

Nei, bara að þau hafi samráð við íbúa.

Nei, bara þetta samtal, við stíjum öll saman hérna.

Nei, ef þeir stjórna eins og undanfarnin 5 ár er þetta égæt

Nei, ekki að láta þá borgarúvöna hafa of mikil völd því við kjósum okkur embættismenn og þeir eiga að sinna skyldum sínum.

Nei, ekki beint. Bara hverfisfundir sem hafa verið haldnir.

Nei, en frekar ósáttur við allar þessar breytingar á götum og rugl, þrengingar á götum og hjólastiga, er ekki svona hrifin af þessu eins og ætla mætti þar sem ég kaus þetta fólk. En ég er ekki eins svona svaklega hrifin af hlutum sem þau eru að finna upp á, en samráðið, júst auðvitað er allt í lagi með samráð eins og ef það eigi að breyta götunum manns í t.d. vistgötu, þá er gott að það sé talað við mann. Finnst að ef það eru breytingar þá eigi að vera vel auglýstar grenndarkynningar. Ef það eru breytingar á gatnakerfi. En ég vil ekki að við séum að kjósa um einhverjar rólur á róluvöllum eða rennibraut. Hvort það eigi að setja einhverja útsýnisbekki við ægissíðuna. Mér finnst svoleiðis vera bara rugl. En ef það á að breyta gatnakerfinu, svona grunnstöðum, þá vil ég sjá grenndarkynningar. Grenndarkynningar fyrir grunnstöðir. Ef þeir hafa efni á að setja einhverja bekk í útsýnisstöðum þá mega þeir gera það min vegna. Þurfa ekkert að spyrja mig.

Nei, ég geri það nú ekki.

Nei, ég hef nú reyndar ekki myndað mér skoðun á því.

Nei, ég held þau ættu kannski að halda almenna borgarafundi frekar en að nota netmiðla.



Nei, held að allt sé í góðum farveg, örugglega hverfi berta en í Reykjavík.

Nei, held ekki. Yfirleitt þegar fólk er komið í þessar stöður notar það sínum töla.

Nei, kannski bara að gefa út stefnumál á heimasíðu, að auglýsa það betur, láta vita af sér kannski meira. Gera það aðgengilegt og benda á sig.

Nei, mér finnst þetta allt bara voða gott og fállegt.

Nei, mér finnst þetta bara mjög gott að það fólk sem að hefur áhuga fyrir því að hafa áhrif geti gert það.

Nei, mér finnst þetta bara nokkuð gott eins og þetta er. Íbúar mega ekki blanda sér of mikið í málin, alveg eins og að stjórnmaðlammenn mega ekki taka of einhliða ákvarðanir.

Nei, nota netið meira fyrir fólk sem vill afta sér upplýsinga.

Nei, skiptir engu máli því það er ekki farið eftir því, eftir fundi í hverfunum skiptir engu máli því sem komið var að ekkert er hlustað.

Nei, það er nú nóg í sjálfu sér. Það eru hverfafundir og tölvusamskipti.

Nei, það eru þessir hverfaráðsfundar og slíkt mætti kynna meira því það fer fram hjá vinnandi fólki

Nei, það skiptir ekki máli, hvað mér finnst, ég er að verða 76 ára. Þegar ég var yngri, bjartsýn, þá trúði maður og treysti en í dag eru þetta tómir krakkar, sem vita ekki neitt. Ég trúi ekki einu orði af því sem þeir segja. Vita ekki hvernig maður þarf að hafa fyrir hlutunum. Ég hef ekkert álit á þessu fólki lengur.

Nei, þeir standa sig vel

Nei. Athugasemd, hann er ánægður með þær upplýsingar sem eru veittar á netinu, og því telur hann ekki skipta máli hvort að Reykjavíkurborg veiti BETRI upplýsingar á vefsíðu sinni.

Nei. En vil samt lýsa yfir ákveðnum þirringi við borgina núna. Ég er ekki hrifin af Sumargötum, það er ekki hugsað nægjanlega vel út frá íbúunum. Hugmyndin er góð en hún er ekki hugsuð út frá íbúunum. Svo er erfið að fá svör frá borginni t.d. varðandi leyfi og slíkt. Konan á símanum segir: "að þetta sé örugglega ekki í dag og ég skuli bara hætta við..." en ég veit að fólk var á staðnum (varðar leyfi til að hafa smá verkefni í borginni). Gott væri að borgin leitaði leiða til að finna einhvern sem veit eitthvað um málin! Flækjustigið er allt of mikið, einhver aðili sem hafði bókað ákveðið atriði hjá mér var í frii og ég mátti ekki fá gsm nr. hennar...

Nei. Það má bara þrifa borgina betur og hafa hana snyrtilegri.

Netið býður upp á mikla möguleika, hverfasamráð hafa reynst misvel mætti nota netið meira sem vettvang, oftar viðhorfakannanir á netinu.

Netið er góð leið, facebook.

Nokkuð sátt við borgarmálin, nei í raun og veru ekki, er alveg sátt. Ekki nema leggja meiri áherslu á úthverfin. Austurhluta borgarinnar.

Nota netmiðla meira í samskiptum við íbúa.

Of margar hraðahrindranir út um allt.

Of mikil förræðishygga sem mér geðjast ekki að.

Open source app sem íbúar gætu komið á framfæri verkefnum/umkvörtunarefnum.

Opíð lýðræði vil ég fá og virkt, þ.e. þannig að fólk fái ekki bara að segja hvað það vill heldur að eitthvað verði gert sem fólkið óskar eftir.

Opna spjallsíður eða halda fundi þar sem almenningur getur mætt og spurt spurninga.

Opnari viðtals tíma.

Opnir fundir, tala augliti til auglitis.

Orkuveita Reykjavíkur setti Reykvikinga næstum á hausinn undir forrystu Alfreðs Þorsteinssonar.

Óhírða á lóðum hjá húseigendum. Það á ekki að líðast. Það safnast að þessu ketfir, það eru útgangskettir sem eru meindýr, þeir eyðleggja alla garða.

Passa að eyða ekki of miklu.

Passa það að minna hverfin séu ekki kæfð vegna atkvæðafjölda, þannig að minni hverfin nái sínu í gegn.

Peningamál, hverju eytt er í viðgerðir og aðrar framkvæmdir.

Reglulega fundi í hverfum.

Reykjavíkurborg deili fjármagni jafnt á hverfin, eftir íbúafjölda og uppbyggingu hverfa og forgangsraði í nýbyggingu.

Reykjavíkurborg er að borga stóran hluta í strætó BS og í Sorpu en eru bara með einn stjórnarformann. Hafa samræm milli atkvæðabáttitöku og þeirra aðila sem eru í stjórn. Kerfið er of flókið.

Reykjavíkurborgarvefurinn og kannanir sem hafa verið þar hafa verið jákvæðir hlutir og mætti nýta það betur

Reyna að koam virku samtali í gegnum sem flesta miðla, ekki samfélagsmiðlana, fáir sem tengja sig í gegnum þá í samb. við sveitarstjórnarmál.

Reyna að reka þetta nógu gagnsætt. Þó að íbúar þurfi ekki að fá að taka þátt í öllu þá séu þeir alla vega vel upplýstir um hvað er í gangi. Vona að þessi könnun eigi eftir að hafa eitthvað gott í för með sér.

Reyna að vera praktísk, ekki með hausinn í skýjunum. Vantar bílastæði, ekki þrengja snorrabrutina, hlusta á slökkvilið og lögregglu.

Rvk. borg má vinna betur með aðilum varðandi polísiu og markmið, þurfa að vera betur tengslum við áhrifavalda er varða framkvæmdina sjálfá, vill byggja mikið af íbúum, en örfáir aðilar vilja byggja leiguíbúðir og má vera í betri samskiptum við þá. Rvk. borg má bæta við gosbrunnun og fjölga listaverkum.

Sameina allt höfuðborgarsvæðið í eitt sveitarfélag.

Samráð mætti vera meira símléiðis. Stjórnmaðlammenn mættu hlusta meira og tala minna.

Samráð við íbúa er gott. Við búum í eldra hverfi. hefur verið haft samráð, segja frá hugmyndum um þéttingu byggðar. okkur mislíkar að það sem byggt er ekki í samræmi við byggðina sem fyrir er. Vilja fleiri ferðamenn en þeir eru í gömlu hverfunum að skoða hús, ekki háhýsi. Okkur mislíkar að nýbyggingar séu ekki í samræmi við byggðina sem fyrir er.

Samráð þarf að vera miklu virkara, ekki bara á pappír.að það sé raunverulegt samráð en ekki bara grenndarkynning eftir að ákvarðanir eru teknar.

Segir sannleikan, koma hreint fram. Var búsett í Súðavík og flutti til Rvk 2000.

Setja upp síðu líkt og Facebook til að eiga í beinum samskiptum við embættismenn Reykjavíkurborgar. Halda flugvellinum þar sem hann er og spítalan á Vífilsstödi.

Sjálfsgætt að þeir hafi samráð við íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Skipta máli að hlusta á borgarbúa og fara eftir því sem þeir vilja. Hætta framkvæmdunum á hlöðrenda í sambandi við flugvöllinn af því að flestir borgarbúar vilja hafa hann á sama stað.

Skiptir máli að hafa þetta rafrænt og á vefnum til að maður geti fylgst með.

Skipulagsmál aðallega, brennur helst á.

Skipulagsmál í hverfum, betra samráð.

Skipulagsmál og samgöngumál eru mikilvægust fyrir íbúa Reykjavíkur, óljós hugmynd um þéttling byggðar þarf að skýra nánar og samráð verður að vera við íbúa borgarinnar um það mál.

Skipulagsmál, betra samráð fyrir borgara og kynna betur það sem á að framkvæma.

Sko, ég get ekkert svarað því. Það er ekkert að gerast, fólk er svo upptekið við að samráða. Það á bara að framkvæma meira og tala minna.

Skoða betur möguleika ferðamanna heldur bara í miðbænum, kíkja út fyrir miðborgina. Seja upp myndavél við þvottalagarnar, Laugardalur er mikil perla.

Skortir á að upplýsingar nái til íbúa, fólk notar ekki netið alltaf, vantar betri kynningu.

Skólamál og uppbygging á grænum svæðum, nýta þau betur, þau eru illa nýtt, kostar ekki mikið.

Sniðugt að fá fólk til að taka þátt, koma með hugmyndir og kjósa um verkefni. Mætti gera meira af þessu. Vildi líka koma á framfæri að bæta þyrfti samgöngur hjólandi og gangandi vegfarenda.

Standa við loforð númer eitt! Loforðin eru pólitikusanna en líka þeir sem svíkja þau.

Standa við loforðin

Stjórnálaginn mætti láta sjá sig meira meðal borgaranna, t.d. meðal eldri borgara og koma í heimsóknir. Mætti láta sjá sig meira.

Svara bréfum. Ég hef einstaka sinnum sent borgarfulltrúum línu með ábendingar um hvað betur mætti fara en hef aldrei fengið svar - þó ekki væri nema staðfesting á því að bréfið hefði skilað sér og þau myndu taka innihald þess til athugunar. Ég minnst þess að Björk Vilhelmsdóttir hafi ekki svarað kurteislega fram reiddri ábendingu minni um óæskilega þróun í einu betri hverfi borgarinnar. Það fannst mér ekki til marks um að ég hefði nokkuð að segja, um þróun mála í hverfinu mínu. - Ég myndi skoða þetta atriði betur: Svara kjörnir borgarfulltrúar tölvupósti sínum? - Í kjölfarið væri hægt að setja einhvers konar viðmið, þó ekki væri nema einhvers konar sjálfvirk svörum um að pósturinn hefði borist á leiðarenda.

Svo sem ekkert sérstakt en þetta er náttúrulega ansi nálægir hlutir, borgarstjórnin á að þjóna íbúum. allt í lagi að það væri tekið meira mark á fólk en gert er. Hætta þessum saltaustri og fara að nota sand í staðinn, alla vega gera tilraun með það.

Svona vinnu á að vinna innan hverfis, senda tilkynningar í hús og halda opna fundi. Búa til einfaldari leið fyrir fólk að koma að sýnum tillögum, umræður eiga að gerast í persónu en ekki í netspjalli sem útlökar stóran hóp af fólk.

Sýna viðleitni að koma út í hverfin og mega setja sig meira í spor þeirra sem eru í úthverfum

T.d. að hafa einhverja aðstöðu fyrir eldra fólk. Ég þakka þau um að það yrði útbúið aðstoða fyrir eldra fólk til að hreyfa sig í Framheimilinu, það var ekki hlustað á mig og ég ergi mig alltaf yfir því þegar ég geng þar fram hjá. Svo gat maður hér haft þau áhrif á byggingu íþróttahúss Fram að það var ekki haf ein hátt og til stóð, það skyggði á útsýnið hans. En það var ekki hlustað á mig, borgaryfirvöld gætu haft þanig samráð.

Taka meira tillit til þeirra sem þeir segja, hlusta á borgarbúa og ræða við þá og komast að niðurstöðu.

Taka tillit til óska þeirra sem koma fram á hverfafundum. Þarf að þróa Vesturbæjarlaugina aðeins betur.

Tala um allt sem skiptir máli.

T.d. gatnakerfið, bílar stórskemmast í holunum, mjög brýnt að laga göturnar.

T.d. opnað fyrir fleiri viðtöl.

Telur vera of lítið samráð haft við íbúa.

The roads in Reykjavik are really bad. They need fixing. Other than that, it's a good place to leave.

Tillögur til borgarstjóra.

Treysta íbúum og hlusta.

Upplýsa borgarbúa betur um hvernig opinberir fjármunir virka.

Upplýsa íbúa betur vera í betra sambandi t.d. í gegnum vefinn.

Vantar betri vettvang á vefnum. Þarf bæði að vera sýnilegri og líka kerfi sem t.d. væri hægt að kjósa. Vantar "portal" fyrir borgarbúa.

Vantar meira samráð og að borgarstjórn hlusti á fólk.

Vantar meira samráð. Kannski er ég ekki nógu dugleg að fylgjast með í tölvu, en það er alltaf hægt að gera betur. Það er mikið af eldri borgurum sem eru ekki með tölvur og nota þær ekki. Vantar oft að koma upplýsingum til þessa samfélagshóps.

Vantar meiri hvata (incentivize) fyrir fólk til að taka þátt og skipta sér af -þyrfti að vera aðgengilegra.

Vantar meiri upplýsingar, ráða einhverja upplýsingafulltrúa á milli sem geta séð um þetta, einhverja sem eru bara í starfi við þetta.

Vantar tækifæri til að svara, þegar stjórnálaginn eru að koma einhverju á framfæri, vantar tækifæri til að svara þeim og koma sinni sýn að.

Vantar upplýsingar, þungt í vöfum sbr. síðuleyfi, mikið vesen. kluskapur ekki sama Jón og Séra Jón. sameining Kjalarnes og Rvíkur mistök. Sundabraut lofað en sviðið gámaþjónusta færin.

Varðandi kosningarkerfið betri hverfi að þá ná hugmyndir sem varða hluta af stórum hverfum ekki framgangi. Eins og t.d. ég bý í stóru hverfi en það þarf ýmsilegt að laga í nærumhverfi mínu, sem kannski á ekki við allt stóra hverfið, og það kemst ekki að vegna þess það varðar ekki allt hverfið.

Varðandi skólamálin, hlusta á íbúana.

Vefurinn reykjavik.is er ekki vefur sem maður fer inn á til að sjá hvað er í gangi. Mætti vera gegnvirkari, t.d. eins og lögreglan er á Facebook. Að fólk geti fengið tilkynningar og annað (t.d. um framkvæmdir), að fólk þurfi ekki að leita að upplýsingum inni á reykjavik.is heldur fái tilkynningar t.d. á Facebook

Vefurinn væri það gagnvirkasta. Hverfisfundir væru bara monolog og í eina áttina en jú kannski gagnlegir ef kynna á einhver sérstök verkefni.

Vera í góðu sambandi, nota netið og hverfisfundir mjög nauðsynlegir

Vera í góðu samstarfi við íbúa borgarinnar.

Vera með opna hverfisfundum, í skólum, þannig að íbúar geti talað við borgarfulltrúa.

Vera sýnilega og fara út fyrir 101, 105 og 108 og kynna fólkinn í úthverfunum, má laga ýmislegt sem er ógert, þurfa að fara í úthverfin betur.

Vera sýnilegir í hverfunum.

Vera sýnilegir á vefsíðum og svara fyrirspurnum t.d. á facebook... kannski 1-2 í viku og segja frá hvernig málin eru að ganga.

Verða að svara öllum fyrirspurnum íbúa. Ekki svara ekki eins og gengur og gerist

Verður að vera opin glugga með ábendingum og fyrirspurnir.

Verkefnið Betri borg og Betri hverfi góð í sjálfu sér. Ég hef bara enga trú á að það sé neitt hlustað á mann þó maður komi með tillögur. Ég held að þeir sem stjórna núna geri bara eins og þeir vilja. Hugsa bara um reiðhjólástiga, þó það sé ágætt í sjálfu sér, og að koma öllum í strætó. Það eru engir peningar í kassanum, borgin er illa rekin, og ég held að það séu ekki peningar til að gera neitt. Þó maður myndi sýna upp á einhverju þá væri ekki hægt að gera neitt. Svo þurfa þessir menn að skilja að Reykjavík er stærri en 101. Þurfa að hitta fólk í hverfunum líka og hlusta á það. Ekki síst í Grafarvogi, stærsta hverfi Reykjavíkur.

Vil bara að flugvöllurinn fái að vera. Annars velti ég þessu lítið fyrir mér, er bara í mínum róleigheitum.

Vil fá að vita hvað þeir eru að gera í flugvallarmálinu.

Vil fá Sundabrautina. Mön fyrir veg á Kjalarnesi við íbúðabyggðina.

Vil hafa þetta meira persónulegra. Sorpið var ekki tæmt í 3 mánuði og þurfti að senda eyðublað á vefsíðu og það var svo flókið að finna upplýsingar til þess að geta hringt eitthvert. Maður þarf að hafa betra aðgengi og möguleika að hringja og fá svör ekki hafa allt í eyðublöðum.

Vil meira af þessu beina lýðræði, eins og er verið að gera með þessum verkefnum

Vill nefna orð sem voru höfð eftir fyrrverandi forsetisráðherra Ítalíu sem hann á að hafa sagt í heimsókn í Finnlandi. Hann hafði komið til Reykjavíkur og lagði til að borgin yrði eyðlögð, því hún væri svo ljót og mislukkuð. Og Ítalir hafa nú góðan smekk.

Vill sjá meira gert fyrir svæðin þar sem börnin leika sér.

Víkka út Betri hverfi, þ.e. að eins og Betri Reykjavík nái það utan um fleiri verkefni en umhverfisstærð og skipulagsmál.

Visa í það sem áður hefur komið fram.

Vona að það verði bara gott.

Væri fínt að hafa reglulega fundi í hverfunum þar sem einhver frá borginni kæmi að ræða það sem er í gangi, held að fólk finni það betra en að lesa eitthvað á vefsíðum. Meira persónulegt.

Væri gott að setja bréf í lúguna um verkefni sem þau hugsa um t.d. á 6 mánaða fresti áður en þau tæka ákvörðun um byggingar, þá getur fólk rætt málin.

Væri kannski ágætt að geta skráð sig á póstlista um fréttir úr hverfinu, sjálfur fer aldrei inn á rvk.is.

Það að upplýsingafæðni sé gott og liggja ljóst fyrir hvað embættismenn séu að vinna að, og vettvangur fyrir borgarbúa til að tjá skoðanir sínar og láta ljós sitt skína.

Það á að hlusta á óskir íbúana, t.d. fengum við ansi gott bréf frá borginni að það ætti að hreinsa götumar og fólk ætti að fjarlægja bifreiðar. En þessu hreinsun var heldur léleg. Svo vil ég að meirihluti viki sem fyrst (ATH Þessi aðili átti ekki tölvu).

Það er svo lítið af fólk af erlendum uppruna í borginni, það er of lítið talað við fólk af erlendum uppruna.

Það er verið að þetta byggð of mikið á kostnað grænna svæða, það er einnig of mikið af hótélum niðri í miðborg, endalust leyft að byggja hótél þarna án neins samráðs við íbúa miðbæjarins.

Það hafa verið íbúaráðsfundir en það mætti alveg fjölga þeim og þá kemur upp á yfirborðið það sem fólk er að hugsa. Ágætt að reyna að vinna með fólkinn í hverfunum.

Það mætti halda opna fundi sem fólk væri frjálst að mæta á að viðra skoðanir sínar yfir kaffibolla.

Það mætti ræða svöldið og spegúlera í almenningssamgöngum og bæta þær, Strætó.

Það mætti setja fleiri grænar tunnur út í hverfin, þar sem að hægt er að koma frá sér úrgangi.

Það mætti vera meiri samvinna við foreldra í sambandi með matinn sem skólabörnum er boðið upp á. Finnst það mjög mikilvægt.

Það sem að brennur á manni hérna í Grafarvogi er hreinsun hverfa. Mér finnst borgaryfirvöld standa sig gríðarlega illa með halda borginni snyrtilegri.

Það sem ég talaði um áðan, láta fólk vita um framkvæmdir í hverfunum og jafnvel fara með það í grendarkynningu.

Það vanntar skautahallir í Reykjavík. Og krullbrautir.

Það vantar betri lækisþjónustu í landið, þarf að biða í mánuði eftir símavíðtali við heimilislækninn minn, eftirlaun eru alltof lág og það þarf að byggja fleiri elliheimili.

Það voru settar aspir sitt hvoru megin við bensínstöðina í Árbænum. Þegar þær voru komnar í lauf, sá viðkomandi bílsjóri ekki götuna, þar hefur orðið eitt slys. Þær voru fjarlægðar öðru megin en ekki hinum megin. Þetta er voða flott á tækniborðinu en þetta er hugsanavilla og ekki gott. Ég hef áhyggjur af þessu, ég vinn í öldrunarstarfinu og það er hér rétt hjá þessari hraðakstursgötu og besnistöðinni.

Það væri gagnlegt ef síða borgarinnar væri þægilegri í notkun. Hún er mjög erfið. T.d. ef elliþeyrisþegar vilja finna tómstundastarf er það mjög erfið að finna nokkrar upplýsingar.

Það þarf að halda meiri opna fundi.

Það þarf að koma á virku íbúalýðræði, fjármunir eiga að fylgja hverfunum og eiga að vera mun hærra, virkt hverfaráð í hvert hverfi, framkvæmdastjóri hvers hverfis er rekstrarstjóri hverfisins og er kosinn af íbúum, hann er ekki pólitískur heldur starfsmaður íbúa á staðnum, það á að vera kosið um öll stór mál, hverfaráð virkar eins og yfirframkvæmdastjóri og hverfaráð er settið að íbúum hverfisins. Íbúar eru teknir mun virkari inn í skólamál. Síða þarf völd frá 101 rvk, eða öllu heldur þarf að færa völdin út í hverfin, 100% gagnsæi. Stofnumótun þarf að vera í hverju hverfi fyrir sig á 4 ára fresti og hún samræmd við stefnu borgarinnar. Hverfaráðið og rekstrarstjóri hverfisins hafa það verkefni að framkvæma þessa stefnu innan fjárlagsramma. Það þarf að treysta fólkinn miklu meira, völdin til fólksins í stjórnskipulagi sem virkar og er skilvirkt. [simon.thorleifsson@capacent.com](mailto:simon.thorleifsson@capacent.com) (það má hafa samband við hann til að ræða þessi mál).



Það þyrfi að vera tengiliður fyrir hvert hverfi borgarinnar innan borgarstjórnar, talsmenn hvers hverfis í borgarstjórn.

Þarf að ræða betur við íbúa í hverfunum. Láta fara fram grenndarkynningu áður en ákvarðanir er teknar.

Þarf að vera gott samb. milli borgar og íbúa, að borgin sé dugleg að miðla upplýs. rafrænt og netið sé öflugt en láta umbættismennina að mestu í friði til að vinna vinnuna sína.

Þarf að vera hægt að hafa samband/samráð við yfirvöld ef maður vill.

Þarf að vera skýrara en það er.

Þegar boðið er upp á valkost þá má það ekki eingöngu snúast um eintömt viðhald. Vont að slíkt eigi að koma í stöðinn fyrir það sem er orðið úrelt. Slíkt á ekki að kjósa um.

Þegar farið er úti ruglfrankvæmdir (hjólreiðamaniak, eyða hundruðum milljónum í þvælu og skapa hættu, því hjólreiðamaniak ræður öllu í borgarstjórn) Vildi hafa rafræna íbúakosningu hvort íbúar væru hlyntir því. SKýr dæmi er Borgartúnið, var ágætisgata og hættulaus, en eftir að hún var þrengd og hjólreiðastígar lagðir þá eru þetta orðinir dauðagilda.

Þegar fólk leitar til borgarinnar með málefni eins og lélega gangstíga, óræktarsvæði og þess háttar, að boðið séu skýrar og að borgarstjórsmenn vísi ekki hvern á annan.

Þeir geta haldið íbúafundi/hverfafundi. Þjóðaratkvæðagreiðsla leiðast mér, þær eru dýrar og æskulýðurinn þekkir yfirleitt ekki málin. Það sem er vandamálið í dag er að við eigum að tala við stjórnmálamennina okkar.

Þeir taka ekki mark á íbúum. Þetta Betri Reykjavík er meira fyrir pólitikusana en íbúa.

Þeir þurfa að hafa opinn vettvang. Fyrst og fremst ættu þeir að lesa heilræðisvísu Hallgríms Péturssonar, og svo kíkja á mann sem heitir Jesús kristur í Biblíunni og fara eftir hans leiðarvísi. Ég er rasandi bit að það megi ekki gefa börnum nýja testamentið í skólum.

Þeir þurfa að tala betur við fólk áður en þeir byrja á e-u, eyða meiri pen í skólamálin - þarf að fara að fjárfesta í tæknimálum skólanna.

Þeir þurfa bara að vera í betra sambandi við íbúana.

Þeir ættu að gæta vel að því hvað þeir gera eins og dæmið sannar með Hofsvallagötunum.

Þetta er flókið í framkvæmd, mér finnst hugmyndin um vefina góð en það vantar að draga fólk inn í.

Þetta er illa kynnt og enginn veit af þessu, og þau sem vita af þessu eru jah, þau sem þú vilt ekki að taki þátt í þessu. Eins og ákveðinn leyndarmálsklúbbur.

Þetta er meira fyrir yngri fólk, sérstaklega þetta með vefinn og þannig. Kjósundur eru oft vanrækt milli kosninga. Þyrfi að viðhalda meira sambandi en á fjögurra ára fresti. Líka eðlilegt að stjórnmálamenn fari einu sinni á ári á sín svæði og ræði við kjósendur.

Þetta með vefsíðuna er ágætt, fundir eru erfiðari, fer mikill tími, dreifist athyglin, en sjálfsagt er það líka gott að hafa samræðufundi með borgarbúum. Er það ekki þetta tvennt, að hafa vefsíður og samráðsfundi?

Þríf á borginni er mjög ábótavant, býr hjá skeifunni og þetta er eins og gettö stundum. Strætisvagnaskýlin í kringum Skeifuna og Skeifan sjálf. Lítil áróður frá borginni um góða umgengni sem mætti laga.

Þurfa að vera talsvert mikil sérstaklega varðandi breytingar í hverfunum. Þarf að vera betur kynnt

Þær eiga að vera beinar, ekki í gegn um vefinn. Fundarhöld frekar. Beinna samband á milli stjórnmála og borgarbúa.

Öflugri upplýsingaþjónusta um þríf, hvenær er þrífð og rusl sótt t.d. eftir hátíðarhöld. Mætti líka þríf borgina betur og bæta samgöngukerfið, þ.e. almenningssamgöngur og halda áfram að bæta hjólastíga. Má líka gera betur í aðgengi fyrir fatlaða, ekki bara hjá opinberum stofnunum.